



Þinggerð 102. Sambandsþing UMSB **Haldið 13. mars 2024 á Hvanneyri**

1. Setning

Guðrún Hildur Þórðardóttir sambandsstjóri UMSB býður fólk velkomið á þingið.

Guðrún gerir það að tillögu sinni að þingforseti verði Kristján Gíslason.
Samþykkt samhljóða

2. Kosning þingforseta og ritara

Þingforseti Kristján gerir það að tillögu sinni að Flemming Jessen verði varaþingforseti og Raket Dögg Sigurgeirsdóttir og Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir verði ritara þingsins.

Samþykkt með lófaklappi

3. Kosning kjörbréfanefndar

Tillaga að Elín Kristinsdóttir og Lilja Björg Ágústsdóttir verði í kjörbréfanefnd.
Samþykkt

4. Afrekssjóður UMSB

Bjarney og Guðrún sambandsstjóri afhenda styrki úr afrekssjóði. sex umsóknir bárust og hlutu þau öll styrk.

Voru 993.804 krónur til úthlutunar úr Afrekssjóðnum og lagði UMSB til 6.196 krónur að auki.

Eftirtalin hlutu styrk fyrir afrek sín á árinu 2023:

Bjarki Péturson Golf 300.000 kr

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir Sund 150.000 kr

Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir Frjálsar íþróttir 150.000 kr

Jón Árni Gylfason Kjörfuknattleikur 50.000 kr

Kristín Þórhallsdóttir Kraftlyftingar 300.000 kr

Valborg Elva Bragadóttir Kjörfuknattleikur 50.000 kr

Samtals 1.000.000 kr

5. Skýrsla stjórnar og reikningar

Bjarney hefur samtalið með að útskýra fyrir þinggestum nýtt fyrirkomulag á framsetningu ársskýrslu á heimasíðu UMSB. Bæði fyrir öll aðildarfélögin og UMSB.

Guðrún Hildur fer lauslega yfir störf UMSB 2023.

Sjö stjórnarfundir voru haldnir auk tveggja vinnufunda. Tveir formannafundir voru þar sem auk formanna aðildarfélaga og deilda var starfsfólk félaga/deilda einnig boðað auk forstöðumanns íþróttamannvirkja.

Aðsetur UMSB er aftur komið í ráðhúsið og var það gert til að stytta boðleiðir milli sambandsins og starfsmanna Borgarbyggðar.

Kominn tími á að hefja samtalið um starfssamning milli UMSB og Borgarbyggðar.

Framundan er unglingalandsmót í Borgarnesi og hvetur hún alla að spýta í lófana og taka þátt í undirbúningi og gera allt til að halda gott mót.

Hún fór yfir þá fundi og ráðstefnur sem hafa verið á dagskrá í vetur en sambandsstjóri og framkvæmdastjóri sátu vörfund UMFÍ, íþróttáþing ÍSÍ, sambandsþing UMFÍ og formannafund ÍSÍ.

Guðrún gefur Bjarneyju framkvæmdastjóra UMSB orðið til að fara yfir og kynna fyrir þinggestum nýtt fyrirkomulag UMFÍ og ÍSÍ sem þeir kalla Svæðisskrifstofur/starfsstöðva en Bjarney sat í undirbúningsnefnd sem tengiliður fyrir hönd UMSB, ÍA, HSH og UDN en ætlunin er að þessi sambönd verði saman undir einni starfsstöð. Hugmyndin er að samræma íþróttahéruð.

Þetta er afrakstur vinnu sem hófst vegna farsældarlaga barna.

Fyrirkomulagið er sennþá eitthvað óskýrt en það verða tveir starfsmenn á hverri starfsstöð.

Sölvi Gylfason gjaldkeri fer yfir reikninga UMSB 2023.

Guðmundur Sigurðsson og Kristján Jóhannes Pétursson voru skoðunarmenn reikninga og samþykktu ársreikninginn.

Samþykkt var aukaútgreiðsla til aðildarfélagana á síðasta ári og var 10 milljónum auka starfsstyrk úthlutað.

Rekstrarafkoman er töluvert lægri í ár vegna þess að meiri fjármunum hefur verið varið til aðildarfélaganna.

Ekki gert ráð fyrir aukaúthlutun í ár.

Framlög og styrkir lækkuðu milli ára vegna þess að 50+ mótið var árið 2022.

Rekstur valla og vallaumhirða hafði ekki hækkað samkvæmt vísitölu og það var leiðrétt.

Sölvi þakkar fyrir sig og kveður.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga fer fram síðar samkvæmt dagskrá.

6. Álit kjörbréfanefndar

Kjörbréfanefnd fer yfir kjörbréfin og les upp fundarmenn sem eiga rétt á að kjósa á þinginu.

Samþykkt samhljóða

7. Kosning starfsnefnda þingsins

Tillögur um formenn nefnda og borið upp til atkvæða

Formaður fjárhagsnefndar: Lagt er til að Borgar Páll Bragason verði formaður fjárhagsnefndar.

Formaður allsherjanefndar: Lagt er til að Unnur Jónsdóttir verði formaður allsherjarnefndar.

Formaður laganefndar: Lagt er til að Oddný Eva Böðvarsdóttir verði formaður laganefndar.

Samþykkt samhljóða

8. Inntaka nýrra aðildafélaga

Hlaupahópurinn Flandri hefur óskað eftir inngöngu í UMSB.

Stjórn UMSB barst á milli þinga ein umsókn um aðild að UMSB. Stjórn fékk allar upplýsingar og fylgiskjöl skv. 6. grein laga en til að fá inngöngu þarf að skila inn lögum félags, upplýsingum um stjórn og félagaskrá.

Lagt er til að félagið verði samþykkt inn með fyrirvara um staðfestingu frá ÍSÍ að löggin séu gild en þau eru þessa dagana í yfirlestri hjá ÍSÍ.

Bjarney tekur til máls; býður þau velkomin og fagnar því að þessi hópur verði kominn innan okkar raða og bindur vonir við að það muni styrkja sambandið. Vildi einnig koma því að að Stefán formaður hlaupahópsins Flandra var vant við látinn en skilaði góðri kveðju.

Samþykkt með þorra greiddra atkvæða
Einn kaus á móti

9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Spurning úr sal varðandi Sportabler/Abler:

Bjarney tekur til máls og útskýrir að Abler sé skráningakerfi sem heldur utan um allar skráningar og iðkendur aðildarfélaga. Þetta kerfi hefur einfaldað allt utanumhald almennt. Einnig hægt að hefja umræður innan hópana. Nýr „fidus“ í Abler er svona fréttamiðlun. Hún ítrekar að hún er alltaf tilbúin að aðstoða aðildarfélögin að setja þetta upp og læra að nota þetta kerfi.

Önnur spurning úr sal varðandi starfsstyrki; nú þegar Abler er orðinn svona aðgengilegur með iðkendur og félagatöl finnst henni réttast að UMSB sækji þessar upplýsingar til að greiða út þessa starfssyrki.

Bjarney tekur til máls og þakkar fyrir þessa spurningu og hún mun taka þessa ábendingu lengra. Það sé allra hagur að hafa gagnsæi og auðveldar boðleiðir.

10. Ávörp gesta

Ómar Bragi Stefánsson framkvæmdastjóri móta UMFÍ flutti ávarp. Sagði að það væri gaman að vera hér og halda mót aftur í Borgarfirðinum en þau voru hér 2010 og 2016. Efast ekki um að mótið í ár verði frábært.

Framkvæmdanefnd er komin til starfa og hann er mjög ánægður með þá nefnd sem hann mun starfa með að undirbúningi unglingslands móts í Borgarbyggð 2024.

Vill hvetja alla til að taka þátt, vera samheldinn og öflugur hópur. Við þurfum á öllum að halda, það er ekki bara ein nefnd sem heldur þetta. Nú þurfa allir að róa í sömu átt.

Bendir á að það eru 20 keppnisgreinar og allir ættu að finna sér eitthvað við hæfi. 11 – 18 ára eru gjaldgengir keppendur.

Fjögur mót sem UMFÍ eru með á svipuðum tíma. Þau langar að hvetja fólk af höfuðborgarsvæðinu að taka þátt í þessum mótum.

UMFÍ leggur til styrki, laun og kynningarmál. Allt sem verður eftir verður heima í héraði. Mótið fer að mestu leyti fram í Borgarnesi. Mikið í mun að það verði sem þéttast þar sem krakkarnir geti hlaupið á milli greina.

Aðeins búið að breyta fyrirkomulaginu þannig að deginum verður skipt upp í þrjú slot og keppnisgreinar flokkaðar eftir aldri.

Helsta áskorunin er tjaldsvæðið en UMFÍ mun reyna gera allt til að tryggja öryggi barnanna. Skemmtitjaldið verður á tjaldsvæðinu.

Það er til mikils að vinna og getur verið góð fjáröflun fyrir aðildarfélögin. En það sem skiptir hvað mestu máli er að allir fái jákvæða upplifun og að börnin njóti þessi. Þetta er mikil vinna en algjörlega þess virði.

Þakkar fyrir sig og treystir á að við munum hjálpast að í þessari vegferð.

Frá ÍSÍ kom Þórey Edda Elísdóttir sem flutti ávarp og veitti heiðursviðurkenningar. Vill byrja á að nefna svæðisskrifstofur sem fyrirhugaðar og búið er að senda út 16 atvinnuauklýsingar. Öflugt íþróttastarf er grunnur að velsæld og farsæld barna og með þessum starfsstöðvum vilja ÍSÍ og UMFÍ létta álagi á sjálfboðavinnu. Þetta er mögulega stærsta verkefni sem íþróttafélögin hafa tekið að sér.

Lífshlaupinu lauk í febrúar og var smá nýbreytni og tóku þátt hreystihópar.

Langaði hana að hvetja alla til að taka þátt í þessum viðburðum sem ÍSÍ heldur utan um.

Ólympíuleikarnir eru í ár og eru tíu Íslendingar sem eru líklegir til að fá þátttökurétt.

Aðstöðumálin; umræðan um að þjóðarhöll hefur verið hávæð og er verkefnið þjóðarhöll.is [thjodarholl.is]. Grunnurinn er samt aðstaðan fyrir börn og unglunga og er þetta jafnréttismál. Hún vill hvetja alla til að halda áfram að berjast fyrir bætingu íþróttamannvirkja á landsbyggðinni.

Að lokum heiðraði hún tvo einstaklinga.

Páll Snævar Brynjarsson formaður knattspyrnudeildar Skallagríms hlaut gullmerki ÍSÍ, Jón Theodór Jónsson tók við gullmerki og blómum fyrir hans hönd.

Silfurmerki ÍSÍ hlaut Oddný Eva Böðvarsdóttir fyrir gríðarlega gott starf í þágu knattspyrnudeildar Skallagríms og UMSB.

Þórey þakkar fyrir sig og óskar öllum farsældar í sínum störfum.

Hallbera Eiríksdóttir frá UMFÍ hélt ávarp og veitti heiðursviðurkenningar; flutti kærar kveðjur frá stjórn UMFÍ og starfsfólks.

Hallbera fjallaði um sameiningu UMFÍ og ÍSÍ í þróun starfsstöðva til að auðvelda samvinnu. Þessar 16 starfsauglýsingar fóru í loftið daginn áður og langar hana að hvetja þinggesti til að hnippa í þau sem hefðu áhuga á að starfa að uppbyggingu og sameiningu í þessum starfsstöðvum.

Íslenskar Getraunir; framundan er endurskoðun íþróttalaga og mikilvægt að íþróttafélögin standi saman og á landsbyggðinni er rekstur krefjandi.

Styrktaraðilar eru farnir að draga að sér seglin.

Hreyfingin er einn stærsti eignaraðili Íslenskrar getspár og er mikilvægt að umræðan um erlendar veðbankasíður verði til þess að milljarðar muni fara úr landi ef það er þróunin.

Hún vill hvetja fólk til að sækja um í sjóði UMFÍ. Hún telur að með svæðisskrifstofum munu aukast umsóknir í sjóði UMFÍ.

Gullmerki UMFÍ hlaut Ingvi Árnason úr Golfklúbbi Borgarness.

Gullmerki UMFÍ hlaut Kristján Gíslason úr Hestamannafélagi Borgfirðings.

Starfsmerki UMFÍ hlaut Guðrún Hildur Þórðardóttir sambandsstjóri UMSB.

Gjöf frá UMFÍ til UMSB platti vegna 110 ára afmælis UMSB árið 2022.

Hallbera þakkaði fyrir sig.

11. Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga

Þingforseti sendir tillögur inn í nefndir

12. Þinghlé – nefndir störfuðu í u.þ.b. 45 mín

13. Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Þingforseti og formenn nefnda. Formenn nefnda kynntu tillögur sínar og þingforseti bar svo upp til atkvæðagreiðslu.

14. Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Samþykkt samhljóða

15. Kosning stjórnar

Kristján Guðmundsson fór yfir störf uppstillingarnefndar. Auk Kristjáns voru Páll Snævar Brynjarrsson og Rakel Guðjónsdóttir í uppstillingarnefnd.

Tillögur uppstillingarnefndar að stjórn UMSB sambandsárið 2023-2024 voru eftirfarandi:

Guðrún Hildur Þórðardóttir sambandsstjóri kjörin til eins ár

Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir varasambandsstjóri kjörin til tveggja ára

Svala Svavarsdóttir gjaldkeri kjörin til tveggja ára

Kristján Jóhannes Pétursson meðstjórnandi kjörinn til eins árs

Aðrir í stjórn UMSB eru

Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir ritari

Varastjórn UMSB

Ólafur Daði Birgisson vararitari kjörinn til tveggja ára

Eyjólfur Kristinn Örnólfsson varagjaldkeri til tveggja ára

Aðrir í varastjórn UMSB eru

Thelma Dögg Harðardóttir varavarasambandsstjóri

Þórhildur María Kristinsdóttir varamedstjórnandi

Tillögur uppstillinganefndar bornar upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða

16. Kosning á íþróttaping ÍSÍ

Lagt er til að sambandsstjóri UMSB mæti á þingið, borið upp til atkvæða.

17. Önnur mál

Umræða var um félagatal og hvernig skuli halda utan um það.

Páll Snævar Brynjarsson tók til máls og þakkaði íþróttahreyfingunni fyrir gullmerkið.

Kristján Gíslason tók til máls og þakkaði íþróttahreyfingunni sömuleiðis fyrir sitt gullmerki.

18. Þinggerð - þingslit

Þingforseti þakkar fyrir sig og útskýrir fyrir þingheimi að þinggerðin verði kláruð af riturum og þingforseta. Þinggerðin verður síðan birt á heimasíðu UMSB á næstu dögum.

Guðrúnu Hildi er gefið orðið. Sambandsstjóri þakkar fyrir þingið, býður nýja stjórn velkomna til starfa og slítur þinginu.

Fyrir hönd UMSB

Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir

Framkvæmdastjóri